LÖG

um Listskreytingasjóð ríkisins.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS
samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,
forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,
gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Stofna skal sjóð er hafi það markmið að fegra opinberar byggingar með listaverkum.
Nafn sjóðsins er Listskreytingasjóður ríkisins.
Sjóðurinn hefur sjálfstæðan fjárhag og eigin stjórn sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum. Málefni sjóðsins heyra undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Opinberar byggingar merkja í lögum þessum allar byggingar sem ríkissjóður fjármagnar að nokkru eða öllu leyti. Undanþegnar eru þó byggingar, sem reistar eru til bráðabirgða, byggingar, sem standa fjarri alfaraleið, skemmubyggingar og aðrar sambærilegar byggingar.
Ríkisstjórnin getur ákveðið að lög þessi taki, eftir því sem við á, til bygginga á vegum ríkisstofnana er hafa sjálfstæðan fjárhag og eru því ekki háðar fjárveitingaákvörðun Alþingis.

3. gr.

Tekjur sjóðsins eru:
1. Árlegt framlag ríkisins.
   Framlagið nemur 1% álagi á samanlagðar fjárveitingar ríkissjóðs í A-hluta fjárlaga til þeirra bygginga sem ríkissjóður stendur að einn eða með öðrum (sveitarfélögum o. s. frv.), sbr. 4. gr.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

4. gr.

Framlag ríkissjóðs skv. 1. tl. 3. gr. skal vera sérliður á fjárlögum og ákvarðast í samráði við byggingadeild menntamálaráðuneytisins og fjárlaga- og hagsýslustofnun.
Greiða skal til Listskreytingasjóðs eigi minna en $^1/_{12}$ árlegs framlags á mánuði hvert fjárlagaár, og skal uppgjöri ríkisins við sjóðinn lokið fyrir 10. desember ár hvert.

5. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs skipa fimm menn: formaður, skipaður af menntamálaráðherra án tilnefningar, einn skipaður samkvæmt tilnefningu Arkitektafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Sambands ísl. sveitarfélaga og tveir myndlistarmenn samkvæmt tilnefningu Bandalags ísl. listamanna. Ráðuneyti, sem bygging sú heyrir undir, sem listskreyta skal, getur tilnefnt einn fulltrúa til samstarfs við stjórn Listskreytingasjóðs, ef það æskir, og hefur hann tillögu- en ekki atkvæðisrétt. Réttur til slíkrar tilnefningar tekur þó ekki til menntamálaráðuneytisins.

Stjórnina skal skipa til tveggja ára í senn.
Varamenn skulu skipaðir á sama hátt.
Afl atkvæða ræður úrslitum mála í sjóðstjórn. Halda skal gerðabók um stjórnarfundi.
Menntamálaráðherra ákveður þóknun stjórnarmanna, sem greiðist úr sjóðnum ásamt öðrum kostnaði við starfsemi hans.

6. gr.

Þegar ákveðið hefur verið að reisa mannvirki, sem lög þessi taka til, ber arkitekt mannvirkisins og bygginganefnd, sem hlut á að máli, að hafa samband við stjórn Listskreytingasjóðs þannig að byggingin verði frá öndverðu hönnuð með þær listskreytingar í huga, sem ráðlegar teljast.

7. gr.

Stefnt skal að því að um meiriháttar verkefni á sviði listskreytinga fari fram opinber samkeppni eftir reglum sem menntamálaráðuneytið setur að fengnum tillögum Bandalags ísl. listamanna, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Arkitektafélags Íslands. Heimilt skal að ákveða að samkeppni um listskreytingu skuli opin listamönnum á Norðurlöndum.

Með listskreytingu er átt við hvers konar fasta og lausa listmuni, s. s. veggskreytingar innan húss og utan, höggmyndir, málverk, veggábreiður og hvers konar listræna fegrun.

Skal leitast við að dreifa verkefnum milli listgreina, þannig að í hverri byggingu séu fleiri en ein tegund listskreytinga.

8. gr.

Sjóðstjórnin skal samþykkja fyrirhugaða listskreytingu þeirra mannvirkja, sem lög þessi taka til, og hvernig staðið skuli að framkvæmdum í samvinnu við arkitekt byggingar og bygginganefnd. Hún getur kvatt sérfróða menn til aðstoðar við einstök verkefni.

9. gr.

Stefnt skal að því að verja einnig úr sjóðnum fé til listskreytingar bygginga, sem þegar eru fullbyggðar, og skal þá hafa samráð við arkitekt byggingarinnar, ef þess er kostur.

10. gr.

Verja má til listskreytingar bygginga, sem lög þessi ná til, fjárhæð sem svarar til 1% álags á framlög ríkisins til hlutaðeigandi byggingar.

Menntamálaráðherra getur heimilað að verja hærri fjárhæð en þessu svarar, ef fjárhagur sjóðsins leyfir og sjóðstjórn gerir um það tillögu.

11. gr.

Stjórn Listskreytingasjóðs getur hvort heldur er óskað eftir að gerð séu ný listaverk eða keypt fullgerð listaverk eða listaverk sem unnið er að. Heimilt er að kaupa listaverk frá Norðurlöndum, enda séu gagnkvæm samskipti milli landanna á þessu sviði.

12. gr.

Semja skal við bankastofnun um að annast reikningshald og fjárvörslu Listskreytingasjóðs og skal þess gætt að hann njóti jafnan bestu vaxtakjara. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu rekstrar- og efnahagsreikningar endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun árlega og birtir í Stjórnartíðindum.

13. gr.

Menntamálaráðuneytið getur í reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

14. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi 27. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla, svo og 10. gr. laga um skólakostnað, nr. 49 29. apríl 1967, svo og önnur lagaákvæði er brjóta kunna í bága við þessi lög.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ákvæði laga þessara taka til bygginga sem í smíðum eru þegar lögin öðlast gildi og eigi hafa verið gerðar um bindandi ráðstafanir varðandi listskreytingar, nema sveitarstjórn ákveði listskreytingu skólamannvirkja með samþykki menntamálaráðuneytisins, og telst kostnaður, sem af því leiðir, til stofnkostnaðar. Þá er heimilt að verja til listskreytingar fjárhæð er nemur allt að 2% af áætluðum stofnkostnaði skólamannvirkis miðað við reglur byggingadeildar menntamálaráðuneytisins.

Lög þessi skulu tekin til endurskoðunar að fimm árum liðnum með hliðsjón af þeirri reynslu sem fengist hefur af því fyrirkomulagi sem hér er gert ráð fyrir um listskreytingu opinberra bygginga.

Gjört í Reykjavík, 7. maí 1982.

Gunnar Thoroddsen. **Jón Helgason.** **Logi Einarsson.**

(L. S.)

Ingvar Gíslason.

Nr. 35. 7. maí 1982.

LÖG

um Blindrabókasafn Íslands.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Hlutverk Blindrabókasafns Íslands er að sjá blindum, sjónskertum, og öðrum þeim, sem ekki geta fært sér venjulegt prentað letur í nyt, fyrir alhliða bókasafnsþjónustu. Blindrabókasafn Íslands heyrir undir menntamálaráðuneytið.

2. gr.

Blindrabókasafn Íslands annast framleiðslu, útgáfu og miðlun hljóðbóka og blindraletursbóka með efni skáldverka og fræðirita, þar á meðal námsgagna.

Blindrabókasafn fylgist með nýjungum á sínu sviði og kynnir þær. Safnið skal hafa samstarf við aðila, sem vinna að framleiðslu og dreifingu námsefnis, svo og þá, sem standa að skipulagningu bókasafnsmála.

Safnið vinnur í nánum tengslum við samtök blindra og sjónskertra.

3. gr.

Menntamálaráðuneytið skipar til fjögurra ára í senn fimm manna stjórn Blindrabókasafns og jafnmarga til vara:

a) tvo fulltrúa tilnefnda af Blindrafélaginu, samtökum blindra og sjónskertra á Íslandi
b) einn fulltrúa tilnefndan af Félagi íslenskra sérkennara
c) einn fulltrúa tilnefndan af Bókavarðafélagi Íslands
d) einn fúlltrúa menntamálaráðuneytisins